



Sumarstörf

Starfslýsing – Heimaþjónusta

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps óskar eftir að ráða starfsmann til afleysinga við að sinna félagslegri heimaþjónustu í Strandabyggð, um hlutastarf er að ræða. Æskilegt væri að viðkomandi gæti hafið störf 1. maí.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem felur í sér aðstoð við heimilshald, s.s. almenn þrif, þvotta og innkaup, ásamt félagslegum stuðningi.

Aðstoðin sem veitt er fer eftir þörfum hvers og eins, því markmið félagslegrar heimaþjónustu er að einstaklingar séu eflir til sjálfshjálpar og þeim sé gert kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

Frekari upplýsingar veitir Guðrún Elín Benónýsdóttir í síma 845-2511, 451-3521 eða í felagsmalastjori@strandabyggd.is